

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/724**

2022/EES/72/43

frá 3. mars 2021

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar samskipti aðildarríkja við framkvæmdastjórnina með tilliti til aðila sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferli brenndra drykkja og lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á að farið sé að ákvæðum þeirrar reglugerðar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ⁽¹⁾, einkum a-lið fyrstu undirgreinar 20. gr. og 2. mgr. 44. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 6. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 er þess krafist að allar aðferðir til að láta brennda drykki þroskast fari fram undir eftirliti skattayfirvalda aðildarríkis eða undir eftirliti sem veitir jafngilda ábyrgð.
- 2) Í því skyni skulu aðildarríki tilnefna aðila sem bera ábyrgð á eftirliti með slíkum þroskunarferlum og upplýsa framkvæmdastjórnina um það til þess að hún geti komið á fót opinberri skrá yfir þessa tilnefndu aðila.
- 3) Í 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 er kveðið á um að aðildarríki beri ábyrgð á eftirliti með brenndum drykkjum Þau skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að þeirri reglugerð og tilnefna lögbæru yfirvöldin sem bera ábyrgð á að farið sé að þeirri reglugerð.
- 4) Í því skyni að tryggja skilvirk samskipti milli framkvæmdastjórnarinnar og aðila sem bera ábyrgð á eftirliti með þroskunarferlum og lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/787 þykir rétt að krefjast þess að aðildarríkin tilkynni framkvæmdastjórninni um samskiptaupplýsingar viðkomandi aðila sem bera ábyrgð á eftirliti með þroskunarferlum og lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á því að tryggja að farið sé að ákvæðum þeirrar reglugerðar.
- 5) Til að tryggja að samskipti milli aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar fari fram á einfaldan og skilvirkan hátt þykir rétt að krefjast þess að ef aðildarríki tilnefnir einn eða fleiri aðila sem hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja eða fleiri en eitt lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/787 skuli viðkomandi aðildarríki tilnefna samskiptastofnun sem einn tengilið fyrir framkvæmdastjórnina. Aðildarríki ættu því einnig að tilkynna samskiptaupplýsingar samskiptastofnanna sinna til framkvæmdastjórnarinnar.
- 6) Til að tryggja skilvirka miðlun upplýsinga milli aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar ætti einnig að mæla fyrir um reglur varðandi snið og fresti fyrir slíka miðlun.
- 7) Þessi reglugerð ætti að koma til framkvæmda frá og með 25. maí 2021 í samræmi við 3. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 155, 5.5.2021, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Upplýsingar sem skal tilkynna framkvæmdastjórninni

1. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar varðandi aðilana sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja í samræmi við 6. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787:

- a) heiti, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang aðilans sem er tilnefndur til að hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja,
- b) sértæka ábyrgð hvers aðila fyrir sig ef nokkrir aðilar eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja,
- c) heiti, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang samskiptastofnunarinnar sem er tilnefnd í samræmi við fyrstu málsgrein 2. gr.

2. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar varðandi lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/787 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. þeirrar reglugerðar:

- a) heiti, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang lögbæra yfirvaldsins,
- b) sértæka ábyrgð hvers lögbærs yfirvalds fyrir sig ef nokkur lögbær yfirvöld eru tilnefnd,
- c) heiti, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang samskiptastofnunarinnar sem er tilnefnd í samræmi við aðra málsgrein 2. gr.

2. gr.

Tilnefning samskiptastofnana

Ef aðildarríki tilnefnir fleiri en einn aðila til að hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja skal það tilnefna samskiptastofnun fyrir slíka aðila sem hafa eftirlit með þroskunarferlum.

Ef aðildarríki tilnefnir fleiri en eitt lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/787 skal það tilnefna samskiptastofnun fyrir slík lögbær yfirvöld.

Báðar samskiptastofnanirnar skulu bera ábyrgð á miðlun upplýsinga til framkvæmdastjórnarinnar.

3. gr.

Frestur og fyrirkomulag varðandi tilkynningar frá aðilunum sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja og frá lögbærum yfirvöldum sem bera ábyrgð á að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/787

1. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um upplýsingarnar sem settar eru fram í 1. gr. eigi síðar en 25. ágúst 2021.

2. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á tilkynntum upplýsingum, sem um getur í 1. mgr., innan þriggja mánaða frá þeim degi þegar breytingin var gerð.

3. Tilkynningarnar skulu gerðar með að nota sniðin sem sett eru fram í I. viðauka fyrir upplýsingar er varða aðilana sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja og í II. viðauka fyrir upplýsingar er varða lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/787.

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. maí 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. mars 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. 1. gr.

Aðildarríki:

Dagsetning tilkynningar:

Fylla skal út A-hluta ef einn aðili er tilnefndur til að hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja eða B-hluta ef nokkrir aðilar eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þessum ferlum. Í síðara tilviki skal einnig fylla út C-hluta.

A-HLUTI

AÐILI SEM ER TILNEFNDUR TIL AÐ HAFA EFTIRLIT MEÐ ÞROSKUNARFERLUM BRENNDRA DRYKKJA

Heiti:

Heimilisfang:

Símanúmer:

Tölvupóstfang:

B-HLUTI

SKRÁ YFIR AÐILA SEM ERU TILNEFNDIR TIL AÐ HAFA EFTIRLIT MEÐ ÞROSKUNARFERLUM BRENNDRA DRYKKJA

Tilgreina skal eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern aðila:

Heiti:

Heimilisfang:

Símanúmer:

Tölvupóstfang:

Sértæk ábyrgð:

C-HLUTI

SAMSKIPTASTOFNUN

Heiti:

Heimilisfang:

Símanúmer:

Tölvupóstfang:

II. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. 1. gr.

Aðildarríki:

Dagsetning tilkynningar:

Fylla skal út A-hluta ef eitt lögbært yfirvald er tilnefnt til að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/787 eða B-hluta ef nokkur lögbær yfirvöld eru tilnefnd. Í síðara tilviki skal einnig fylla út C-hluta.

A-HLUTI

LÖGBÆRT YFIRVALD SEM BER ÁBYRGÐ Á AÐ TRYGGJA AÐ FARIÐ SÉ AÐ ÁKVÆÐUM REGLUGERÐAR (ESB) 2019/787

Heiti:

Heimilisfang:

Símanúmer:

Tölvupóstfang:

B-HLUTI

SKRÁ YFIR LÖGBÆR YFIRVÖLD SEM BERA ÁBYRGÐ Á AÐ TRYGGJA AÐ FARIÐ SÉ AÐ ÁKVÆÐUM REGLUGERÐAR (ESB) 2019/787

Tilgreina skal eftirfarandi upplýsingar fyrir hvert lögbært yfirvald:

Heiti:

Heimilisfang:

Símanúmer:

Tölvupóstfang:

Sértæk ábyrgð:

C-HLUTI

SAMSKIPTASTOFNUN

Heiti:

Heimilisfang:

Símanúmer:

Tölvupóstfang:
